

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Örfirisey



Dags eftirlits	12.6.2015	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi og farið var yfir rekstrarhandbók og mánaðarblöð fyrir stöðina. Farið var yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Allar skráningar reyndust í góðu lagi. Geymar hafa verið botnþykktarmældir, lagnir þrýstiprófaðar og olíuleifar í fráveitu stöðvarinnar mældar. Allt reyndist í góðu lagi.

Þjónusta við olíuskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi. Sjó olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna, þar af tvær milliskiljur í jet- og gasolíuportum. Allar skiljurnar voru þjónustaðar á árinu 2014. Olíuskynjarar tengdir raflokum eru í skiljum nr. 1, 3, 5 og 6 og eru þeir prófaðir á 2 – 3 mánaða fresti.

Breytingar hafa verið gerðar í bensínhluta stöðvanna, en etanólgeymir hefur verið tekinn í notkun. Íblöndun etanóls í bensín að kröfu orkuyfirvalda hefur orðið til þess að einn bensíngeymir hefur verið tekinn undir etanól með tilheyrandi breytingum á mengunarvarnaþróum og slökkvikerfum. Nýtt áhættumat liggur fyrir og viðeigandi áætlanir uppfærðar. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og olíuskiljur. Framkvæmdum vegna svartolíuleka úr geymi nr. B204 er lokið. Svartolía lak niður í þróna og stirðnaði þar. Þróin er jarðvegsþró og var efsta lagi í þrónni skafið í burtu og fyrirhugað er að nota efnið sem undirlag undir geymi sem byggður verður þar sem B211 (var rifinn) stóð áður. Ekki sást neitt sem gera þarf athugasemd við hér. Girðingar og hlið voru í lagi.

Þar sem bensín er geymt í stöðinni þarf stöðin að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva. Gufuendurnýtingarkerfi er í stöðinni. Tilkynning um bilun í kerfinu barst 9. júní sl., þegar lofttæmis-(vacuum)dæla gaf sig. 12. júní sl., þegar komið var í eftirlit, var enn unnið að viðgerð á kerfinu. Bilun í gufuendurnýtingarbúnaði með tilheyrandi losun á bensínufum skal vera skráð sem mengunaráhapp í rekstrahandbók stöðvarinnar.

ATHUGASEMDIR

Biluð pressa í gufuendurnýtingarbúnaði veldur aukinni losun til andrúmslofts. Skal vera skráð sem mengunaráhapp í rekstrarhandbók fyrir stöðina.

Ljúka þarf viðgerð á gufuendurnýtingarbúnaði svo fljótt sem auðið er.

Óskað er eftir greinargerð um óhappið þar sem umfang losunar á bensínufum er metin.

Reykjavík, 22.06.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.